Handknattleikssamband Íslands
Icelandic Handball Federation

Íþróttamiðstöðinni Laugardal
104 Reykjavík, Iceland
Sími/Tel: +354 514-4200
www.hsi.is hsi@hsi.is
kt: 590169-4049

68. ársþing HSÍ haldið á Grand hótel 5. apríl 2025

# Þingskjal nr: 7

**Breytingar á lögum HSÍ:**
**Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ**

## 30. gr. Meðalganga og upplýsingagjöf.

Aðila sem hefur kærurétt samkvæmt 2933. grein er heimilt að beina þeirri kröfu til dómsins að hann verði aðili málsins. Krafa þessi þarf að koma fram svo fljótt sem verða má og eigi síðar en við aðalflutning málsins.

## 33. gr. Málsmeðferð.

Mál telst þingfest með því að kæra berst á skrifstofu HSÍ ásamt kvittun fyrir greiðslu þingfestingargjalds. Kærandi á rétt á því að fá kvittun fyrir móttöku kærunnar.
Formaður dómsins skal, svo fljótt sem hægt er, taka afstöðu til þess hvort kærufrestur samkvæmt 351. grein sé liðinn eða einhverjir formgallar samkvæmt 3632. grein geri að verkum að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir gallar á málinu skal dómsformaður vísa málinu frá dómi með úrskurði.
Telji dómsformaður að uppfyllt séu skilyrði 3632. greinar skal hann eins fljótt og hægt er, þó eigi síðar en innan tveggja virkra daga frá þingfestingu, ákveða hvaða dómari skuli fara með málið.
Sé dómsformaður forfallaður skal varaformaður annast þau verkefni sem til falla.
Dómari sem fær mál til meðferðar skal án tafar senda kærða/varnaraðila áskorun um að halda uppi vörnum í málinu ásamt afriti af kærunni. Áskorunina skal senda með rafrænum hætti eða á annan sannanlegan hátt. Almennt skal frestur til að skila greinargerð ekki vera lengri en 3 sólarhringar. Greinargerð varnaraðila skal uppfylla þau skilyrði er koma fram í 3632. grein eftir því sem við getur átt.

Greinargerð

Verið að laga rangar tilvísanir